

169

19. sept.

3. gr.

Menn eru alvarlega varaðir við að taka frá kartöflur til útsæðis, sem ræktaðar hafa verið á hinu sýkta svæði, nema full vissa sé fyrir hendi um, að kartöfluhnúðormna hafi ekki orðið vart á þeim stað, þar sem kartöflurnar hafa verið ræktaðar.

4. gr.

Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans er falið að gefa út reglur og leiðbeiningar um varnir gegn kartöfluhnúðormum.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með auglýsingu þessari, varða sektum frá 100—5000 krónum.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Um leið er úr gildi numin bráðabirgðafyrirmæli um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðormna, sem út voru gefin 5. september 1953.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

170

21. sept.

AUGLÝSING

um löggildingu á leiðréttingarmönnum áttavita í skipum.

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn til þess að leiðrétta áttavita, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Til þess að veita megi löggildingu, skal þess að jafnaði krafizt, að umsækjandi sé siglingafróður og sanni með prófi, að hann hafi bóklega og verklega þekkingu á að leiðrétta og gera við áttavita, og hafi náð lögaldri.

3. gr.

Um prófið gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Í bóklegu, að umsækjandinn hafi þá þekkingu á segulmagni og segulskekkju og á öllum þeim tækjum og áhöldum, sem nauðsynleg eru til þess að framkvæma fullkomnar áttavita- og segulskekkjurannsóknir, sem krafizt er til farmanna-prófs við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Umsækjandinn á einnig að þekkja almennar reglur fyrir staðsetningu áttavita, og helztu kröfur, sem gera skal til áttavita, hvað gæði þeirra og smíði snertir.
2. Aðaláherzlu skal leggja á verklega þekkingu. — Umsækjandinn skal sanna með vottorði áttavitasmiðs, á fullnægjandi hátt, að hann hafi næga þekkingu á að leiðrétta áttavita, gera við þá og ef unnt er, að hann hafi unnið að því að koma þeim fyrir í skipum.
3. Umsækjandinn skal sjálfur hafa framkvæmt leiðréttingar áttavita á nokkrum járn- og tréskipum.

4. Umsækjandinn skal með læknisvottorði sanna, að hann hafi þá sjón og heyrn, 170
sem nauðsynleg er skipstjórnarmönnum. 21. sept.
5. Í prófvottorðinu skal tekið fram, í hverju umsækjandinn hafi verið reyndur og um hæfni hans til þess að verða leiðréttingarmaður áttavita.

4. gr.

Reglur þessar ná ekki til þeirra leiðréttingarmanna, sem leiðrétt hafa áttavita um borð í 10 skipum, áður en reglur þessar öðlast gildi, og eiga þeir þá rétt á lög-gildingingu.

5. gr.

Umsækjandinn skal greiða fyrir prófið hæfilegt gjald, sem rennur til próf-dómara.

6. gr.

Fyrir löggingingu skal greiða kr. 50.00 sem rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt B-lið 34. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

171

um breyting á reglugerð um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, 21. sept.
nr. 91 22. ágúst 1935.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Allir þeir, sem eiga fé á afrétti fjallskilafélagsins, eru skyldir til að greiða hagatoll fyrir sitt fé, 50 aura fyrir hverja kind.

2. gr.

7. gr. III. kafla orðist svo:
Tjarnarétt skal vera aðalrétt í fjallskilafélaginu, en aukaréttir Fjallarétt, Víkingavatnsrétt og Miðbæjarrétt, og heyra þær undir Tjarnarétt, enda gangi úr-tíningsfé af aukaréttunum þangað og dragist upp á aðalréttinni.

Fé úr Svinadalshálsi og Ásheiði skal ganga til Tjarnaréttar, úr Garðsheiði til Miðbæjaréttar, úr Víkingavatnsheiði til Víkingavatnsréttar og úr Framfjöllum og Útfjöllum til Fjallaréttar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.